

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/23/36

frá 17. nóvember 2000

um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar 1999/31/EB um urðun úrgangs(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 3318)

(2000/738/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun ⁽¹⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 15. gr. tilskipunar 1999/31/EB ber aðildarríkjunum að senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 2) Skýrsluna ber að byggja á spurningalista eða fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin tekur saman drög að í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE ⁽²⁾.
- 3) Fyrsta skýrslan tekur til tímabilsins frá 16. júlí 2001 til 2003.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Spurningalistinn, sem fylgir í viðaukanum, er hér með samþykktur.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 298, 25.11.2000, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2001 frá 28. september 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 35.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 377, 23.12.1991, bls. 48.

VIÐAUKI

SPURNINGALISTI

fyrir skýrslu aðildarríkjanna um lögleiðingu og framkvæmd tilskipunar 99/31/EB um urðun úrgangs

Ekki er þörf á að endurtaka upplýsingar sem þegar hafa verið látnar í té en komið skal fram hvar og hvenær upplýsingarnar voru gefnar.

I. Lögleiðing í aðildarríkjunum

1. Hvaða núgildandi lög og reglugerðir hafa verið sett til að lögleiða tilskipunina í aðildarríkjunum? Ef svæðisbundnir aðilar annast setningu ákvæða um urðun í aðildarríkjunum ber einnig að senda þessi ákvæði. Tilgreina skal nákvæmlega með hvaða hætti hvert ákvæði tilskipunarinnar hefur verið lögleitt.
2. Veitið almennar upplýsingar um notkun hauggass sem hefur verið safnað til að framleiða orku, þar með talið ráðstafanir til að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna við söfnun, meðhöndlun og nýtingu hauggass.
3. Lýsið í stórum dráttum þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að minnka, sem mest má verða, óþægindi og hættu samkvæmt 5. lið I. viðauka.
4. Hafa verið settar saman skrár eða skilgreindar viðmiðanir fyrir úrgang sem telst tækur eða ótækur í hverjum flokki urðunarstaða? Ef svarið er „já“, hafa þessar skrár eða viðmiðanir, sem og viðmiðunargildin og greiningaraðferðirnar, verið sendar framkvæmdastjórninni?
5. Veitið upplýsingar um aðferðir sem eru notaðar við öflun veðurfræðilegra gagna eins og um getur í 2. lið III. viðauka.
6. Lýsið í stuttu máli almennu fyrirkomulagi á vöktun sigvatns og yfirborðsvatns og eftirliti með mögulegri losun lofttegunda og með loftþrýstingi eins og um getur í 3. lið III. viðauka.
7. Veitið almennar upplýsingar um urðunarstaði þar sem ekki var álitid nauðsynlegt að mæla rúmmál og samsetningu yfirborðsvatns eins og kveðið er á um í 3. lið II. viðauka.

II. Framkvæmd tilskipunarinnar

1. Hafa aðildarríkin nýtt sér þann möguleika á undanþágu sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. (hættulítill úrgangur sem er ekki óvirkur úrgangur en fellur til við leit, nám, meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna svo og við starfrækslu grjótnáma)?
Ef svarið er „já“ ber að veita nánari upplýsingar um þessar undanþágu.
2. Hafa aðildarríkin nýtt sér þann möguleika á undanþágu sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. (eyjar og afskekktar byggðir)?
Ef svarið er „já“ ber að veita nánari upplýsingar um þessar undanþágu, þar á meðal upplýsingar um magn og, ef því verður við komið, tegund úrgangsins sem berst stöðum sem hafa slíka undanþágu.
3. Hafa aðildarríkin nýtt sér þann möguleika á undanþágu sem kveðið er á um í 5. mgr. 3. gr. (neðanjarðargeymslur)?
Ef svarið er „já“ ber að veita nánari upplýsingar um geymsluaðstöðuna, undanþágurnar og um magn og, ef því verður við komið, tegund úrgangsins sem berst stöðum sem hafa slíka undanþágu.
4. a) Hefur verið gerð innlend áætlun um að minnka magn þess lífbrjótanlega (lífræna) úrgangs sem berst til urðunarstaða samkvæmt 1. mgr. 5. gr. og hefur framkvæmdastjórninni verið tilkynnt um hana?
Ef svarið er „nei“ skal færa rök fyrir ákvörðuninni.
b) Tilgreinið hvaða úrgangur er flokkaður á innlendum vettvangi sem lífbrjótanlegur úrgangur og hvaða úrgangur er flokkaður sem lífrænt húsasorp.
c) Hver er reynslan af beitingu áætlunarinnar?
d) Tilgreinið magn þess lífræna húsasorps (í tonnum og, ef unnt er, sundurliðað eftir úrgangi) sem féll til árið 1995 (eða á síðasta ári fyrir 1995 sem stöðluð gögn frá Hagstofu Evrópubandalaganna liggja fyrir um).
e) Tilgreinið fyrir hvert ár þess tímabils, sem skýrslan tekur til, magn þess lífræna húsasorps og annars lífbrjótanlegs úrgangs (í tonnum í báðum tilvikum og, ef unnt er, sundurliðað eftir úrgangi) sem barst til urðunarstaða.
f) Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á áætluninni?

5. Tilgreinið fjölda núverandi urðunarstaða:

	Urðunarstaðir fyrir hættulegan úrgang	Urðunarstaðir fyrir hættulítinn úrgang	Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang	Aðrir urðunarstaðir (*)
Heildarfjöldi núverandi urðunarstaða				
Fjöldi þessara urðunarstaða sem uppfyllir ákvæði tilskipunarinnar				
Fjöldi urðunarstaða sem hefur verið lokað (urðun hætt) eftir 16. júlí 2001				
Heildarfjöldi endurnýjaðra urðunarstaða				
Móttökugeta sem eftir er (í tonnum)				

(*) Tilgreinið, efir því sem þörf krefur, tegund urðunarstaðar þar til aðlögunartímabilinu lýkur

6. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að farið sé að ákvæðum 10. gr. um kostnað við urðun?
7. Lýsið í stórum dráttum þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar samkvæmt 13. gr. til að komast hjá því að urðunarstaðir, sem hefur verið lokað, hafi skaðleg áhrif á umhverfið.
8. Lýsið í stuttu máli hvernig urðunarstaðir eru skipulagðir með hliðsjón af 1. lið I. viðauka (staðsetning urðunarstaðar).
9. Lýsið í stórum dráttum þeim tæknilegu ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að tryggja að farið sé að ákvæðum 2. liðar I. viðauka (aðgerðir sem varða vatn og sigvatn).
10. Hafa verið settar almennar eða sértækar kröfur, eins og í I. viðauka, sem gilda um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang?
11. Hefur verið slakað á kröfum samkvæmt liðum 3.2 og 3.3 í I. viðauka fyrir tiltekna urðunarstaði? Ef svarið er „já“ skal veita almennar upplýsingar um þessa urðunarstaði.